

Sótt um endurgreiðslu

á virðisaukaskatti


Einfaldar leiðbeiningar sem skýra hvernig sótt er um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna við byggingu, viðhald og endurbætur íbúðarhúsnæðis



Byrjað er að fara á vefinn *skatturinn.is*

Þegar smellt er á **Þjónustuvefir** í hægra horni birtist þessi mynd:

1



Þegar smellt er á **Innskráning á þjónustuvef** birtist myndin hér fyrir neðan:


2

Einstaklingur skráir sig inn hér með rafrænum skilríkjum. Símanúmer er slegið inn, smellt á **Innskrá** og síðan pin númerið skráð í símann þegar auðkennisbeiðnin birtist í símanum. Ef um félag er að ræða þá þarf að skrá sig inn með kennitölu og veflykli félagsins.



3

Þegar búið er að skrá sig inn á þjónustuvefinn er valið **Samskipti**, þar undir er farið í **Umsóknir** og þá **Virðisaukaskattur**.



4

Hér opnar maður **RSK 10.18** ef um endurbætur og viðhald á íbúðarhúsnæði er að ræða en **RSK 10.19** ef um nýbyggingu er að ræða.

Umsóknir í virðisaukaskatti	
Virðisaukaskattur	
RSK 10.18 Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta eða viðhalds á íbúðarhúsnæði til eigin nota.	Óanna
RSK 10.19 Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna nýbyggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota.	Óanna
RSK 10.33 Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna bifreiðar.	Óanna

5

Umsækjandi endurgreiðslu: Í fyrsta þrepi þarf að fylla í reitina á hvaða ári (og tímabili) framkvæmdirnar fóru fram. Skrá þarf staðsetningu eignar og/eða fastanúmer samkvæmt fasteignaskrá. Þá þarf að velja tegund byggingar í flettilistanum þegar smellt er á örina. Því næst er fyllt út símanúmer og tölvupóstfang. Ef einhverjar athugasemdir eru sem umsækjandi vill koma á framfæri eru þær skráðar í athugasemdardálkinn. Að þessu loknu er smellt á **Áfram** hnappinn.

Umsækjandi endurgreiðslu
Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts

Kennitala: 112233-4459
Nafn: Jón Jónsson

Heimilisfang: Birkigrund 2
Sveitarfélag: 435 Norðureyri

Framkvæmda ár:
2023

Staðsetning eignar / fastanúmer eignar
Birkigrund 2

Tegund byggingar:
Einbýli

Símanúmer
7891011

Tölvupóstfang
jonjonson@tolvupostur.is

Athugasemdir

- ▶ Umsækjandi greiðslu
- ▶ Aðkeypt vinna
- ▶ Reikningar
- ▶ Senda umsókn

6

Aðkeypt vinna: Í öðru þrepi þarf að velja tegund vinnu (dæmi húsbýggingar) í fellista, því næst vinnuliðinn sem unnin var á verkstað án virðisaukaskatts. Þá reiknast virðisaukaskatturinn sjálfvirk af vinnunni og síðan reiknast 35% af henni sem fer í **Áætluð endurgreiðsla**, en það er sú fjárhæð sem fæst endurgreidd.

Aðkeypt vinna
Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts

Tegund vinnu *	Vinna án VSK	VSK af vinnu	Áætluð endurgreiðsla	
Húsbýggingar og trésmíði	500.000	120.000	42.000	
Ný lína				
Samtals:		500.000	120.000	42.000

Sækja um endurgreiðslu vegna kaupa á varmaðelu og/eða hleðslustöð

- ▶ Umsækjandi greiðslu
- ▶ Aðkeypt vinna
- ▶ Reikningar
- ▶ Senda umsókn

* Hér má finna nánari upplýsingar um þessar endurgreiðslur og það af hvaða vinnu er endurgreitt:
[Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna íbúðarhúsnæðis](#) | [Virðisaukaskattur einstaklinga](#) | [Skatturinn - skattar og gjöld](#)

7

Reikningar: Í þriðja þrepi þarf að skrá inn eftirfarandi upplýsingar af hverjum reikningi, kennitölu útgefanda, VSK-númer og númer reiknings. Næst þarf að setja inn heildarfjárhæð reiknings, sem oftast kemur fram neðst í hægri horninu. Það er sama fjárhæð og greiða þarf. Þá þarf að hengja reikning og kvittun fyrir greiðslu (ef kvittun fyrir greiðslu kemur ekki fram á reikningnum sjálfum) inn í umsóknina, sem viðhengi. Það er gert með því annað hvort að draga skjölin inn í kassann eða smella á hnappinn og finna skjölin (skrárnar) og hengja þau við.

Reikningar
Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts

Kennitala	Nafn	VSKNr	Dags. reiknings	Númer reiknings	Heildarfjárh. m/vsk.	
112233-4459	Smiðafyrirtækið ehf.	99204	23.3.2023	000123456	762.244	
Ný lína						
Samtals:					762.244	

Afrit reikninga, tollskýrslna og greiðslukvittana verður að setja sem viðhengi með endurgreiðslubeiðninni svo hægt sé að senda hana.

Dragðu skjöl hingað eða smeltu á hnappinn.

- ▶ Umsækjandi greiðslu
- ▶ Aðkeypt vinna
- ▶ Reikningar
- ▶ Senda umsókn

Sýnishorn af tveimur mismunandi framsettum reikningum. Örvagnar benda á þær upplýsingar sem þarf að fylla út í umsókninni.

Á reikningi **1** koma allar þær upplýsingar fram sem óskað er eftir í umsókninni. Búið er að sundurliða verkþætti og kostnaðarliði og þarf því ekki að reikna virðisaukaskattinn sérstaklega.

Á reikningi **2** þarf hins vegar að reikna út vinnu án virðisaukaskatts með ákveðinni reikniðferð eins og sýnt er í gula boxinu.

1

Smíðafyrirtækið ehf.
Dalbrekku 44
435 Norðureyri
Kt.: 400440-5439 Vsk-númer: 99204

REIKNINGUR

Jón Jónsson
Kt. 112233-4459
Birkigrund 2
435 Norðureyri

Reikningsnr. **000123456**

Viðskiptanúmer 7500052122
Dagsetning 23.3.2023

Eindagi 23.4.2023
Sölumaður Gummi

Vörunr.	Vöruheiti	Magn	Ein.verð	Upphæð
1001	Vinna á verkstað (tímar)	50	10.000	500.000
1000	Vörukaup (sjá meðf. aukablað)	1	111.413	111.413
1501	Akstur (km. gjald)	30	110	3.300

Upphæð án vsk. 614.713
Vsk. upphæð 147.531
Samtals með vsk. **762.244**

2

Smíðafyrirtækið ehf.
Dalbrekku 44
435 Norðureyri
Kt.: 400440-5439 Vsk-númer: 99204

REIKNINGUR

Jón Jónsson
Kt. 112233-4459
Birkigrund 2
435 Norðureyri

Reikningsnr. **000123456**

Viðskiptanúmer 7500052122
Dagsetning 23.3.2023

Eindagi 23.4.2023
Sölumaður Gummi

Vörunr.	Vöruheiti	Magn	Upphæð
1001	Vinna á verkstað	50	600.000
Samtals með vsk.			600.000

Ef fjárhæð vinnuþáttar á reikningi er með virðisaukaskatti þarf að afreikna hann til að finna út hver fjárhæð vinnuþáttar er án VSK. Vinna án virðisaukaskatts er þá reiknuð þannig, $600.000 / 1,24 = 483.871$ sem er þá sett í reitinn „Vinna án VSK“.

8

Að lokum skal senda umsóknina. Bent skal á að umsóknir sem ekki hafa verið kláraðar vistast undir ósendar umsóknir sem er neðst undir **Samskipti** og **Umsóknir**.

Sendu umsókn

Beðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts

Kennitala: 112233-4459
Nafn: Jón Jónsson
Staðsetning eignar / fastanúmer eignar
Birkigrund 2

Heimistfang: Birkigrund 2
Svartartelag: 435 Norðureyri

Tegund framkvæmda: Endurbætur eða viðhald
Ár: 2023
Tímabil:

Tegund byggingar: Einbýli

Simanúmer: 7891011
Tölvupóstfang: jonjonson@tolvupostur.is

Athugasemdir

Aðkeypt vinna

Tegund vinnu	Vinna án vsk.	vsk af vinnu	Áætluð endurgreiðsla
Húsbýggingar og trésmíði	500.000	120.000	72.000
Samtals	500.000	120.000	72.000

Reikningar

Nafn	VSK-nr.	Dags. reiknings	Númer reiknings	Heildarfjárhæð með VSK
Smíðafyrirtækið ehf.	99204	23.4.2023	000123456	762.244
Samtals				762.244

Skrár sem hefur verið hláð úr upp.

Reikningur.pdf
Kvittun.pdf

Til baka

Sendu umsókn